

RÚV – Rás 1 – Spegillinn

09.02.2009

Jón Guðni Kristjánsson (JK) ræðir við Jón Sigurðsson (JS) um Seðlabankann.

- JK:** Það verður horfið frá þeirri skipan sem verið hefur að 3 menn skipi bankastjórn Seðlabankans, skv. stjórnarfrumvarpi til breytinga á lögum um Seðlabankann. Einn maður skal vera bankastjóri og hafa sér til fulltingis 5 manna peningastefnunefnd. Jón Sigurðsson, lektor við Háskólann í Reykjavík og fyrrverandi Seðlabankastjóri, áður formaður Framsóknarflokksins og ráðherra, vinnur að ritun sögu Seðlabankans. Jón kveðst ekki sannfærður um að þær breytingar sem frumvarpið boðar séu til bóta frá þeirri skipan sem verið hefur og ákvæði í frumvarpinu séu með öllu ótæk. Spegillinn talaði við hann.
- JS:** Í aðalatriðum er nú fyrirmyndin sótt væntanlega mest til Danmerkur. Þar eru 3 jafnsettir bankastjórar og einn þeirra er formaður bankastjórnar og kemur fram fyrir hönd danska Seðlabankans út á við. Það má líka nefna í þessu sambandi Alríkisbankann (Federal Reserve) í Bandaríkjunum. Þar eru eitthvað í kringum rúmlega 20 bankastjórar þegar allt er talið. Reyndar er aðalnefndin 7 manna en þegar allt er talið rúmlega 20 bankastjórar og einn af þeim er skipaður af forseta Bandaríkjanna til þess að vera formaður bankastjórnarinnar. Það má nefna Evrópska seðlabankann eða Miðbankann í Frankfurt. Þar er bankastjóri en síðan koma þar saman bankastjórar allra aðildarþjóða Evru-svæðisins til þess að taka sameiginlegar ákvarðanir. Megineinkennið á þessari aðferð er að þetta eru einstaklingar sem hver um sig er starfandi í fullu starfi, þeir hafa allir jafna aðstöðu til að afla sér upplýsinga og móta sér skoðun og þeir hafa alla möguleika og öll tækifæri til þess að verja sinn málstað og standa uppi í hárinu á formanni bankastjórnar ef þeir það kjósa. Þegar lög in voru sett 2001 og ég var í nefndinni sem samdi frumvarpið og ásamt mér í nefndinni voru Vilhjálmur Egilsson sem núna er hjá Samtökum atvinnulífsins, Steingrímur Sigfússon sem nú er fjármálaráðherra, Ólafur Davíðsson þáverandi ráðuneytisstjóri, Sighvatur Björgvinsson þáverandi alþingismaður og við vorum allir sammála um þessa leið. Velja 3ja manna hóp, minnsta hóp í litlu þjóðfélagi og þeir væru jafnsettir, skipaðir á sama hátt og einn af þeim væri formaður en það var ekki þar með sagt að hann væri í meirihluta eða gæti tekið einn ákvörðun því þetta er fjölskipað stjórnvald. Hitt, allt svo hin leiðin eða hin fyrirmyndin er sú sem Norðmenn hafa og margar fleiri þjóðir m.a. Bretar, þá ert þú með einn bankastjóra eða aðalbankastjóra og síðan er með honum nefnd sem kemur saman á einhverjum fresti til þess að taka ákvarðanir en þá er líka lögð áhersla á það að þeir sem í nefndinni sitja, peningastefnuráðinu sitja hafi aðstöðu og tækifæri til þess að afla sér eigin upplýsinga, móta sér sína eigin skoðun og hafa aðra skoðun heldur en bankastjórinn. Og þannig hefur það t.d. gerst í Bretlandi og varð frægt fyrir nokkrum árum þegar peningastefnuráðið tók aðra ákvörðun en aðalbankastjórinn vildi og það var sagt frá því að hann varði minnihluta í atkvæðagreiðslu.
- JK:** Þannig að þessari skipan fylgir ekki það að einn bankastjóri taki á endanum lokaákvörðun?
- JS:** Nei, það er mjög sjaldgæft að það sé einn einstaklingur sem hefur slíkt vald. Víðast, lang víðast er þetta þannig að þetta eru nefndir sem taka þessar ákvarðanir og mjög víða t.d. í Bretlandi og Svíþjóð hefur það verið venjan að birta fundargerðirnar. Ef þú hins vegar lest

fundargerðirnar þá er ákaflega lítið á þeim að græða, en það er annað mál að þeir hafa t.d. tekið þá ákvörðun til þess að reyna að hafa þetta eins opið og gegnsætt eins og verða má að birta fundargerðirnar og það var einmitt við slíkar aðstæður sem það varð heyrinkunnugt að aðalbankastjóri Bretlandsbanka varð í minnihluta fyrir nokkrum árum í ákvörðun um vexti.

JK: En ef þú ættir að leggja mat á það frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabankann sem nú liggur fyrir – hvað finnst þér um þær breytingar?

JS: Í raun og veru er einfaldlega um það að ræða að í staðinn fyrir að nota þetta danska líkan sem ég var að nefna áðan, sem er það líkan sem segja má að sé notað í Svíþjóð, Finnlandi, Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og í miklu fleiri löndum, þá er tekið upp að fylgja því líkani sem er fylgt í Noregi, Bretlandi og reyndar mjög mörgum öðrum löndum líka. Í sjálfu sér vinnst ekkert eða tapast. Þetta er einfaldlega önnur aðferð og ég efast ekkert um að hún getur líka skilað árangri. Það eru önnur atriði sem hafa valdið því hér á landi að við náðum ekki þeim árangri sem við höfðum stefnt að og ollu því að tilraunin um Seðlabanka Íslands sem hófst um aldamótin hefur mistekist. Það eru ekki þessir skipulagsþættir sem valda því.

JK: En sérðu þá enga framför? Sérðu ekki að þetta hafi neinar umbætur í för með sér í sjálfu sér að skipta um kerfi í Seðlabankanum?

JS: Sko, það er í sjálfu sér engin framför í því að skipta um kerfið. Það er ágætt að breyta til. Við breyttum til um aldamótin og ég get sagt það fyrir mitt leyti sem var í nefndinni sem samdi lögin þá, mér datt aldrei í hug að þau yrðu óbreytt um aldur og ævi og í rauninni hafa þau enst ótrúlega vel, þegar á allt er lítið, það er ekki nema sjálfsagt að fara yfir skipulagsatriði aftur og aftur og við finnum aldrei allan sannleika og veröldin umhverfis okkur breytist og það er ekki nema eðlilegt að það séu skoðuð ný úrræði á nýjum tíma og ég hygg að langflestir muni telja það að eftir þá óskapa atburði sem hér hafa orðið á síðustu mánuðum þá sé sjálfsagt að fara yfir þessi skipulagsatriði. Ég vil ekkert gera lítið úr þessu frumvarpi og tel að margt í því og þessu líkani sem ég var að tala um áðan geti alveg staðið til bóta en það er hins vegar greinilegt finnst mér að það hefur verið kastað höndunum til undirbúnings frumvarpsins og að einhverju leyti hefur það verið lagt fram hálfkarað og ég get nefnt um það tvö dæmi. Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að peningastefnuráðið eigi alla sína stöðu og alla sína möguleika og allt sitt starf upp á náð bankastjórans komið og það getur auðvitað ekki gengið að hafa það þannig. Það er gert ráð fyrir því að þar séu starfsmenn úr Seðlabankanum sem eru undir boðvaldi Seðlabankastjórans og það er gert ráð fyrir því að þar séu aðrir fulltrúar sem Seðlabankastjórinn hefur tilnefnt og ráðherra hefur skipað. Ég eiginlega trúði þessu varla þegar ég las þetta því að ég sagði við sjálfan mig: þetta hlýtur að vera bara uppkast eða handrit eða einhver fyrstu drög að frumvarpi. Svona getur varla verið að Alþingi ætli að afgreiða þetta mál. Að þarna séu sem sagt einhverjir fulltrúar á kostnað skattborgarans til þess að rétta upp hönd og segja já og amen við því sem sagt að segja.

JK: Þannig að þú lítur á að þetta sé bara alveg ótækt inni í lögum um Seðlabanka að hafa þetta svona?

JS: Ég skil ekkert í þessu og ég get alls ekkert botnað í þessu og finnst þetta hreinn óþarfi að vera með þetta stefnuráð ef það hefur enga möguleika til þess að hafa sína eigin skoðun og móta sína eigin afstöðu og túlka sína skoðun og berjast fyrir henni. Það getur auðvitað ekki gengið

að vera með peningastefnuráð ef mennirnir í því eiga allt sitt starf og alla sína stöðu upp á náð bankastjórans. Það hlýtur að vera að þarna geti myndast einhver umræða og þarna séu menn í jafnri stöðu hver á móti öðrum og hver við hlið annars til þess að sameiginlega vitrænar ákvarðanir. Það hlýtur að vera.

Hitt atriðið sem ég held að hljóta vera vanhugsað eða ekki fullunnið í frumvarpinu er að það er gert ráð fyrir því að Seðlabankastjóri eigi að hafa eina prófgráðu á einu sviði og enginn annar möguleiki opinn. Það er t.d. ekki möguleiki að fjármálalögfræðingur með mikla reynslu úr Seðlabankastörfum og peningamálastörfum eða fjármálaverkfræðingur með mikla reynslu úr bankakerfi og Seðlabankastörfum eða rekstrarhagfræðingur og ég gæti reyndar nefnt fleiri dæmi. Sá maður sem hér var lengst Seðlabankastjóri með miklum glæsibrag og ávann sér virðingu allra sem við hann skiptu, hann var menntaður í félagsvísindum og hagsögu. Þannig að ég held að það hljóti að vera að Alþingi fari aðeins betur yfir þetta frumvarp og geri breytingar á þessum ákvæðum sem ég hef nefnt. Ég hreinlega trúi ekki öðru.

Stjórnandi: Jón Guðni talaði við Jón Sigurðsson.